

að refsingartíminn sé 15 mánuðir. Akærði Magnús Jóhannsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu- og tilsækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 20 kr, til hvors.

Iðgjöldin greiðast innan 8 vikna eftir lög-
birtinu dóms þessa og skal honum yfirleitt full-
nægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 5/1919:

Metúsalem Jóhannsson f. h.
hlutafélagsins »Gissur hvíta«
gegn

Otta Guðmundssyni og
R. Jörgensen.

D ó m u r .

Mál þetta höfðu hinir stefndu, Otti Guðmundsson skipasmiður og R. Jörgensen vélstjóri, báðir til heimilis hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra fyrir hönd hlutafjelagsins »Gissur hvíta« til greiðslu á 80 kr. fyrir skodun og virðingu á mótorskipum téðs hlutafjelags »Gissur hvíta« og »Geir goða«, en virðingu þessa framkvæmdu þeir samkvæmt dóm-
kvaðningu eftir ósk áfrýjanda, og er virðingargjörð-
in dags. 28. febr. f. á. Lauk máli þessu svo fyrir

bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 5. desbr. f. á. að áfrýjandi var dæmdur til þess fyrir hönd h. f. »Gissur hvíti« að greiða stefndu hina umstefndu upphæð, 80 kr., með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags og 40 kr. í málskostnað. — Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f. h. h.f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 30. jan. þ. á., og krefst hann þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig að hann verði algerlega sýknaður í málinu gegn því að greiða stefndu 12 kr. fyrir umgetna virðingargerð, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins.

Stefndu hafa frá sinni hálfu krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi.

Neitun sína um að greiða hina umþráttuðu upphæð byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að borgun fyrir slíkar mats- og virðingargerðir eigi að ákveðast eftir 6. gr. í lögum nr. 64, 14. nóvbr. 1917, og beri stefndu þá eigi hærri borgun en 6 kr. hvorum eða als 12 kr., en hvað sem þessu líði þá sje borgun sú, er stefndu krefjist ósanngjarnlega há, með því að virðingargerðin sje mesta handahófsverk, enda hafi stefndu ekki varið meiru en 2 tímum til hennar.

Um hina fyrri varnarástæðu tekur undirdómarninn það fram, að 6. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917 eigi ekki við þegar dómkvaddir eru sérstaklega menn með sérþekkingu til að meta og virða verð-

mæta hluti, sem sérþekkingu þurfi til að meta, eins og hér hafi átt sér stað. Á þetta verður yfirdómurinn að fallast, og þar sem borgunin til virðingarmannanna er ekki lögákveðin, verður að meta hvað hæfilegt er að greiða fyrir umrædda virðingu.

Í málinu er að vísu ekkert komið fram um það, að matsverð skipanna, svo sem það er ákveðið í virðingargerðinni, sje óábyggilegt eða fjarri sanni, en þegar það er athugað, að virðingargerðin er með öllu ósundurliðuð, og eftir því sem ráða má af því, sem fram er komið í málinu, að eins byggð á fljótlegri og ónákvæmri skoðun á skipunum, þykir borgun sú, er stefndu krefjast of há, og með tilliti til þessa þykir borgunin hæfilega ákveðin 20 kr. til hvors virðingarmanns eða 40 kr. til beggja. Þessa upphæð ber að dæma áfrýjanda til að greiða með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir rétt að málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f. h. hlutfjelagsins »Gissur hvíti« greiði stefndu Otta Guðmundssyni og R. Jørgensen 40 kr. með 5% ársvöxtum frá 10. maí 1918 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.